



Kópavogsbær

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

Velferðarráð Kópavogs  
b.t. Karenar Halldórsdóttir, formanns

Kópavogur, 9.12.2021  
Málsnúmer 2112441

### **Efni : Innleiðing á Memaxi, skráningar- og samskiptakerfis í Dimmuhvarfi 2, íbúðakjarna fyrir fatlað fólk.**

Í byrjun árs 2021 hófst innleiðing á Memaxi, skráningar og samskiptakerfis í Dimmuhvarfi. Starfsmenn velferðarsviðs höfðu áður fengið kynningu á þessari tækni og sáu í henni tækifæri til að uppfæra skráningakerfi á starfsstöðvum velferðarsviðs, bæta upplýsingagjöf til notenda og auðvelda öll samskipti. Ákveðið var að hefja þessa innleiðingu í Dimmuhvarfi enda forstöðumaður mjög áhugasamur um þessa tækni sem hún sá fyrir sér að gæti aukið upplýsingaöryggi og um leið haft í för með sér rekstrarlega hagræðingu.

Bryngerður Bryngeirsdóttir, forstöðumaður í Dimmuhvarfi leiddi innleiðingu kerfisins á starfsstöðinni og hafði yfirumsjón með henni. Innleiðing á Memaxi kallaði á samstarf við UT deild og persónuverndarfulltrúa bæjarins. Gerð var svokölluð SIPOC og MÁP greining og mat á áhrifum vegna persónuverndar. Keyptir voru sex ípadar sem UT deild sá um að setja upp. Þá þurfti að vera með þráðlaust net í öllum íbúðum til að hægt væri að nýta tæknina þar. Þegar tæknileg atriði og tækjabúnaður var klár fengu forstöðumaður, deildarstjóri og teymisstjórar aðgang að kerfinu og kennslu í því. Í mars var búið að ganga þannig frá að allir starfsmenn gátu farið að nota kerfið. Til að byrja með var haldið áfram að skrá upplýsingar á pappírsformi á meðan starfsmenn voru að kynna sér og venjast nýju kerfi. Í júní fóru allar skráningar orðið fram í gegn um Memaxi. Starfsfólkið er sammála um að með þessu kerfi komist skilaboð betur á milli starfsmanna, dagkrár eru skiljanlegri og ramminn í kringum hvern og einn íbúa skýrari sem og hlutverk starfsmanna sjálfra. Þá fara allar breytingar sem verða á dagskrá íbúa beint til starfsmanna í gegn um ípadinn t.d. læknatímar og heimsóknir aðstandenda, sem dregur úr líkum á misskilningi og misstökum.

Notkun á Memaxi hefur einnig dregið úr beinum kostnaði vegna breytinga á vaktafyrirkomulagi en með því er hægt að minnka skörun á milli vakta og þá hefur allur pappírs- og prentkostnaður minnkað til muna. Fyrir forstöðumann, deildarstjóra og teymisstjóra auðveldar þessi tækni jafnframt vinnu við að uppfæra dagskrár því í stað þess að prenta út breytingar og setja á réttan stað þá fara allar upplýsingar beint í ípad viðkomandi starfsmanna sem er á vakt.

Næsta verkefni er að tengja ípada íbúa við kerfið þannig að hægt verði að útfæra dagskrá og skrá félagsfærnisögur sem fylgja hverjum og einum yfir daginn. Þá er hugmyndin að opna á aðgang fyrir aðstandendur þar sem þeir geta fylgst með ákveðnum þáttum í daglegu lífi síns fólks og haft samskipti við starfsfólk.

Kostnaður vegna innleiðingar og upptöku á Memaxi í Dimmuhvarfi er um 850.000 árinu á árinu 2021. Þar af er stofnkostnaður vegna kaupa á 6 ípöðum um 400.000 kr. og mánaðarleg áskrift fyrir sex íbúa 37.820 kr. eða 450.000 kr. á ári. Forstöðumanni reiknast til að með upptöku á Memaxi verði til sparnaður vegna skörunar á vöktum sem nemur rúmum 2. millj. á ári enda Dimmuhvarf stór vinnustaður þar sem sjö til átta manns eru á vakt á hverjum tíma. Þess má geta að fyrirtækið gerir ráð fyrir að kostnaður fyrir hvern aðgang lækki eftir því sem þeim fjölgar á vegum Kópavogsbæjar.

Á næsta ári hefur verið samþykkt fjármagna innleiðingu á Memaxi í Austurkór og vonandi á fleiri stöðum á komandi árum. Það er búið að leggja í mikla grunnvinnu í Dimmuhvarfi og komin reynsla á



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



**Kópavogsbær**

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

Þessa tækni. Innleiðing á aðra staði ætti því að taka mun styttri tíma þar sem búið er að leysa úr mörgum málum í innleiðingarferlinu ásamt því að búið er að skoða kerfið út frá starfsemi heimilis, áhættu og öðru þáttum er varða persónuvernd.

Virðingarfyllst,

Guðlaug Ósk Gísladóttir  
deildarstjóri í þjónustu- og ráðgjafadeild fatlaðra